

Tillögur að lagabreytingum Hjólreiðafélags Akureyrar HFA.

Lagðar fram á aðalfundi Hjólreiðafélags Akureyrar þann 25. febrúar 2017.

Breytingar eru settar fram þannig að fyrst kemur núverandi laga grein og svo tillaga að breyttri útgáfu.

Tillaga að breytingu á 3. grein

3.grein

Félagar

Hver sá sem greiðir félagsgjald til félagsins er félagi í Hjólreiðafélagi Akureyrar, auk þeirra sem formaður eða stjórn félagsins samþykkir að skuli skrá sem félagi, en er undanþeginn greiðslu félagsgjalds af sérstökum ástæðum. Félagar fara með eitt atkvæði á aðalfundi og öðrum fundum félagsins.

Einstaklingar yngri en 16 ára hafa ekki atkvæðisrétt.

A. Félagsgjöld eru 3.000.kr fyrir hvert ár hvert. 5000 kr fyrir fjölskyldukort- fyrir alla á sama lögheimili.

B. Gildistími er frá 1. Janúar til 31. Desember.

C. Eftir 1. Ágúst er veittur 50% afsláttur til nýrra meðlima af gjaldi sama árs.

D. Félagsgjöld skulu greidd eigi síður en 1. Apríl ár hvert.

Frávik er að gjöld greidd 2014

gilda einnig fyrir 2015.

Breytist og verði svohljóðandi

3.grein

Félagar

Hver sá sem greiðir félagsgjald til félagsins er félagi í Hjólreiðafélagi Akureyrar.

Félagar fara með eitt atkvæði á aðalfundi og öðrum fundum félagsins.

Einstaklingar yngri en 16 ára hafa ekki atkvæðisrétt.

Upphæð félagsgjalda skal lögð fyrir aðalfund af stjórn til samþykkis og skulu þau renna í aðalsjóð félagsins.

Félagatal skal varðveitt af stjórn.

Stjórn skal setja sér reglur um meðferð félagatals.

Félagatal skal ekki látið af hendi til þriðja aðila.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt skriflega til stjórnar.

Tillaga að breytingu á 5. grein

5. grein

Aðalfundur félagsins

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en í mars ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara og skal hann boðaður á facebook síðu félagsins, póstlista félagsins og á heimasíðu. Aðalfundur félagsins er löglegur sé löglega til hans boðað, án tillits til hversu margir mæta á fundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- A. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
- B. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
- C. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
- D. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun næsta árs.
- E. Lagabreytingar, ef tillögur liggja fyrir sbr. 12. grein
- F. Kosning í stjórn félagsins;

F. - A. Kosinn formaður.

F. - B. Kosinn gjaldkeri.

F. - C. Kosnir einn til fimm einstaklingar í stjórn.

F. - D. Formenn nefnda kosnir. Náist ekki að manna allar nefndir á aðalfundi hefur formaður og/eða stjórn heimild til þess.

G. Skýrslur og tillögur fráfarandi nefnda

H. Önnur mál.

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála, sbr. þó 12. grein.

Kosning skal vera skrifleg nema aðeins komi fram ein uppástunga til stjórnarstarfa, þá telst sá sem tilnefndur er, sjálfkjörinn.

Breytist og verði svohljóðandi

5. grein

Aðalfundur félagsins

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en í mars ár hvert. Aðalfundur hefur æðsta vald innan félagsins og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Aðalfundur skal auglýsa opinberlega með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur félagsins er löglegur sé löglega til hans boðað, án tillits til hversu margir mæta á fundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- A. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
- B. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
- C. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
- D. Lagabreytingar, ef tillögur liggja fyrir sbr. 12. grein
- E. Ákvörðun um árgjald.
- F. Staðfesting siðareglna.
- G. Kosning í stjórn félagsins til eins árs.
- H. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- I. Önnur mál.

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála, sbr. þó 12. grein. Kosning skal vera skrifleg nema aðeins komi fram ein uppástunga til stjórnarstarfa, þá telst sá sem tilnefndur er, sjálfkjörinn.

Tillaga að breytingu á 12. grein

12. grein

Stjórn Hjólreiðafélags Akureyrar - HFA

Stjórn Hjólreiðafélags Akureyrar HFA skipar þrem til sjö einstaklingum. Í stjórn situr formaður, gjaldkeri og einn til þrjú stjórnarmenn sem slíka kosningu hafa hlotið á aðalfundi. 1-2 varamenn eru í stjórn og hafa áheyrnarrétt á stjórnarfundum.

Breytist og verði svohljóðandi

12. grein

Stjórn Hjólreiðafélags Akureyrar - HFA

Stjórn Hjólreiðafélags Akureyrar HFA skal kosin á aðalfundi félagsins og skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Varamenn hafa ávallt rétt til setu á stjórnarfundum, með málfrelsi og tillögurétt. Stjórn félagsins skal setja sér siðareglur og skulu þær staðfestar af aðalfundi ár hvert.

Stjórn skiptir með sér verkum og velur formann, varaformann, gjaldkera og ritara. Prókúruhafar félagsins skulu vera tveir; formaður og gjaldkeri og skulu þeir hafa aðgang að öllum reikningum félagsins.

Stjórn skipar formenn í eftirtaldar nefndir:

- Fjallahjólanefnd
- Götuhjólanefnd
- Mótsnefnd
- Nefnd um almenningshjólreiðar

Formenn nefnda skulu ávallt hafa áheyrnar- og tillögurétt á stjórnarfundum. Ákvörðun um stofnun nýrra nefnda/deilda innan félagsins verður eingöngu tekin á aðalfundi.

Skoðunarmenn reikninga skulu fara yfir bókhald félagsins á 6. mánaða fresti, og skulu fá aðgang að bókhaldsgögnum óski þeir eftir því.

Ný grein.

Tillaga um að 11. grein félagsins verði 13. grein (um gildistöku) og að 11. grein laga verði svohljóðandi:

11.grein

Verði félagsmaður uppvís um hátterni sem telja má víst að gangi gegn lögum og siðareglum félagsins getur stjórn tekið ákvörðun um að vísa félagsmanni úr félaginu.

Slík ákvörðun verður að vera samþykkt af meirihluta stjórnarmanna.

Stjórn tilkynnir félagsmanni um ákvörðun sína og gefur félagsmanni eina viku til andmæla. Eftir að frestur til andmæla er liðinn tekur stjórn andmæli til greina og tekur lokaákvörðun.

Ákveði stjórn að vísa félagsmanni úr félaginu tekur sú ákvörðun gildi um leið og stjórn hefur kynnt félagsmanni ákvörðun sína.